

Ríkismennt – þín leið til fræðslu

Styrkir til einstaklinga vegna náms og almennra námskeiða

Félagsmenn aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands á landsbyggðinni geta sótt um styrki til Ríkismenntar fyrir námi og námskeiðum.

Umsóknum skal skila til viðkomandi stéttarfélags sem sér um afgreiðslu á einstaklingsstyrkjum.



Ríkismennt

Að Ríkismennt standa Fjármálaráðuneytið og aðildarfélög Starfsgreinasambands Íslands á landsbyggðinni gagnvart þeim sem starfa hjá ríkisstofnunum.

www.rikismennt.is • sími 599 1450 • rikismennt@rikismennt.is

Styrkir til almennra og starfstengdra námskeiða og náms

Ríkismennt styrkir m.a. starfstengt nám og námskeið, almennt nám til eininga, tungumálanámskeið, þ.m.t. íslenskunámskeið, og fleiri námskeið sem nýtast í lífi og starfi.

Sjá nánar um reglur sjóðsins á heimasíðu www.rikismennt.is og einnig hjá viðkomandi stéttarfélagi.

Veittur er styrkur allt að kr. 130.000.- á ári en þó að hámarki 75% - 90% af kostnaði við nám/námskeið.

Ef ekki er nýttur styrkur úr sjóðnum í þrjú ár eða lengur er hægt að sækja um allt að kr. 390.000.- fyrir einu samfelldu námi (skv. síðustu breytingum á reglum sjóðsins f.o.m. 1. jan. 2020)

Ríkismennt veitir einnig styrki vegna ferða-og dvalarkostnaðar í tengslum við nám/námskeið. Þegar slíkur styrkur er veittur þá dregst hann frá hámarksstyrk hverju sinni sem er kr. 130.000.- á ári.

Veittir eru styrkir til tómsundanámskeiða allt að kr. 30.000.- á ári en þó að hámarki 75% af kostnaði. Tómsundastyrkur dregst frá hámarksstyrk hverju sinni.

Umsóknareyðublöð eru aðgengileg á heimasíðu Ríkismenntar. Umsókn er skilað til viðkomandi stéttarfélags umsækjanda sem einnig veita nánari upplýsingar.

Með umsókn þarf að fylgja:

- Reikningur/kvittun frá fræðsluaðila sem er á nafni félagsmanns þar sem fram kemur nám/námskeið.
- Reikningur má ekki vera eldri en 12 mánaða gamall.
- Ekki er hægt að sækja um styrk oftar en einu sinni með sama reikningi.

Kynntu þér möguleikana á www.rikismennt.is